



Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri
Pósthólf 56
400 Ísafjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 14. nóvember 2017
Tilv.: UMH17110026/041-209-2

Efni: Samningur við Náttúrustofu Vestfjarða

Í árslok 2017 renna út samningar milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og sveitarfélaga sem í gildi eru um rekstur náttúrustofa en samningarnir eru gerðir á grundvelli laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Hafinn er undirbúningur að endurskoðun samningana, þar sem m.a. er ætlunin að fara yfir verkefni náttúrustofa í ljósi reynslu af starfsemi þeirra og hver þau eigi að vera til framtíðar.

Þar sem ekki næst að endurskoða samningana fyrir lok ársins, leggur ráðuneytið til við Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurhrepp, Strandabyggð, Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð að framlengja gildistíma viðkomandi samnings við Náttúrustofu Vestfjarða um eitt ár eða til ársloka 2018. Gert er þá ráð fyrir að gerður verði viðauki við núverandi samninga þar sem eingöngu gildistíma er breytt til fyrrgreinds tíma. Með þessu gefst ráðrúm til að fara yfir vel yfir verkefni náttúrustofanna, með það að markmiði hægt væri að endurnýja samningana til lengri tíma kjölfarið og marka þeim þannig skýra framtíðarsýn.

Til að hægt sé að ljúka við viðauka við samningana fyrir árslok óskar ráðuneytið eftir að afstaða sveitarfélaganna liggja fyrir eigi síðar en 4. desember nk.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson

Jón Geir Pétursson

Samrit: Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð